



Stykkishólmsbær

Læsi og lesfimi í skólastarfi Stykkishólmsbæjar 2020 – 2025

Í skólastefnu Stykkishólmsbæjar er lögð áhersla á að leik- og grunnskóli setji sér sameiginlega læsisstefnu. Það að ná góðum tókum á lestri og læsi er einn mikilvægasti þátturinn í námi barna frá því að skólagangan hefst og þar til skyldunámi lýkur við lok grunnskólans.

Mikilvægt er að sameinuð læsisstefna bæjarins sé nemendum, kennurum, starfsfólki og forráðmönnum barnanna vel kunn, það séu skýr markmið sem eru mælanleg og að henni sé fylgt eftir.

Meginmarkmið sameinaðar læsisstefnu

- Að nemendur í Stykkishólmi geti lesið sér til gagns og gamans áður en grunnskólagöngu lýkur.
- Að mælanlegar framfarir verði í læsi leik – og grunnskólabarna næstu þrjú árin. (fimm)
- Að efla íslenskukunnáttu starfsmanna, nemenda og foreldra af erlendum uppruna.

Grunnurinn lagður í leikskólanum

Leikskólinn gegnir stóru hlutverki við að efla málþroska barna sem undanfara lesturs. Daglega er unnið með hljóðkerfisvitund, málskilning, máhljóðin og alla almenna málörvun í gegnum leik og samskipti, í stærri sem smærri hópum auk sérkennslu.

Meginmarkmið leikskólans

- Að efla hljóðkerfisvitund, hlustunar- og málskilning barnanna, auka orðaforða þeirra og hugtakaskilning sem og tjáningu þeirra, frásagna- og samskiptahæfni.
- Að börnin séu við leikskólalok vel undirbúin fyrir markvisst áframhaldandi læsisnám.
- Að markviss málörvun fari fram í fjölbreyttu málörvunarumhverfi í öllum aldurshópum.
- Að fylgjast vel með hvort um frávík í málproska sé að ræða hjá börnunum og bregðast strax við á viðeigandi hátt ef merki eru um örðugleika. Sérstaklega er fylgst með tvítyngdum börnum.
- Að stuðla að góðri upplýsingagjöf á milli leikskóla og grunnskóla til að sem best samfella náist í nám barnanna.
- Að styðja við íslenskukennslu starfsmanna með annað móðurmál en íslensku.
- Að stuðla að því að samskipti við foreldra með annað móðurmál en íslensku fari eins mikið og unnt er fram á íslensku til að auðvelda þeim að ná tökum á málinu.

Grunnskólinn leggur áherslu á læsi og lesfimi

Í grunnskólanum er lögð megináhersla á lesfimi og að nemendur verði ekki aðeins tæknilega læsir heldur fái einnig markvissa þjálfun í læsi og lesskilningi. Áhersla er lögð á Byrjendalæsi sem er sú kennsluaðferð sem unnið er með en einnig er unnið með hljóðaaðferð. Kennarar koma til móts við einstaklingsþarfir barna og skipuleggja lestrarnámið eftir þörfum hvers einstaklings. Í íslensku á yngsta stigi eru tveir kennarar í flestum kennslustundum. Það er ekki síst gert til að koma til móts við tvítyngda nemendur.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur. Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum.

Grunnstoðir Byrjendalæsis:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Nám er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – alvöru bækur, alvöru texti
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Nám án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

Meginmarkmið grunnskólans

- Að allir nemendur geti notið skólagöngunnar með góðan lestrargrunn.
- Að hver nemandi nái sínum markmiðum og að kennarar, foreldrar og barnið sjálf sé upplýst um framfarir sínar.
- Að komið sé til móts við þarfir nemenda og byggt ofan á traustan grunn.

Ábyrgð samfélagsins er mikil

Við berum öll ábyrgð á að undirbúa unga nemendur undir það að verða læs og geta notið lestrar. Hér eru nokkur ráð til forráðmanna.

- Hafa bækur við höndina, skoða myndir og ræða saman – hver á sínu móturmáli. Með auknum þroska lengjast bækurnar og textinn verður flóknari.
- Að gefa sér tíma til að lesa fyrir börnin á heimilinu.
- Að sinna heimalestri.

Markmið með **heimalestri** er að börn æfist í lestri, auki leshraða, **bæti við orðaforða og efla málskilning.**

Leiðir og aðferðir

Leik – og grunnskólinn í Stykkishólmi hafa sett sér leiðarlýsingar um hvernig læsisstefnum skólanna er komið í framkvæmd. Þær má finna á heimsíðum þeirra. Þar er gerð grein fyrir stefnu og áherslum í málörvun, við lestrarundirbúning og kennsluaðferðum og hvernig komið er til móts við þarfir nemenda með lesraskanir og íslensku sem annað tungumál.

Viðmið og áætlun um fyrirlögn skimana

Leikskólinn í Stykkishólmi nýtir sér eftirfarandi matstæki við skimanir á málþroska nemenda:

- **Íslenski þroskalistinn** er tæki til að mæla þroska 3ja til 6 ára barna á mál- og hreyfisviði. **Íslenski smábarnalistinn** metur þroska barna 15-38 mánaða. Listarnir eru báðir notaðir til skimunar eftir því sem þurfa þykir. Ef útkoman gefur tilefni til frekari athugunar er nemandi vísað í frekari skimun hjá sérfræðingum og stuðningur skipulagður.
- **EFI-2** málþroskaskimun kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða ári í þeim tilgangi að finna þau börn sem þurfa á frekari stuðningi að halda. Ákvörðun um stuðning er í samvinnu við talmeinafræðing.
- **Hljóm-2** kannar hljóð- og málvitund elstu barnanna í leikskólanum og er lagt fyrir að hausti. Þeir sem lenda undir viðmiðunarmörkum fara í markvissa málörvun og athugunin endurtekin í febrúar. Börnunum er vísað til talmeinafræðings til frekari athugunar og sérkennslutímar skilgreindir eftir atvikum.

Nauðsynlegt að setja viðmið um árangur. Grunnskólinn í Stykkishólmi setur sér eftirfarandi viðmið.

Tafla frá mms – lesfimi..

1. bekkur	
Skólaárið	Stafakannanir 3 sinnum yfir veturinn
september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Læsi lestrarskimun, hefti 1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
febrúar	Læsi lestrarskimun, hefti 2
apríl	Læsi lestrarskimun, hefti 3
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

2. bekkur	
september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Læsi lestrarskimun, hefti 1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
febrúar	Læsi lestrarskimun, hefti 2
apríl	Lesmál, mat á lestri og réttitun
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

3. bekkur

september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 3.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 3.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

4. bekkur

september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
október	Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði
nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 4.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 4.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

5. bekkur

september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 5.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 5.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

6. bekkur

september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 6.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 6.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

7. bekkur

september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur Samræmd próf íslenska/stærðfræði
------------------	---

nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 7.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 7.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

8. bekkur	
september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
nóvember	Lesskilningsprófið Orðarún 8.1
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
apríl	Lesskilningsprófið Orðarún 8.2
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

9. bekkur	
september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
mars	Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

10. bekkur	
september	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
janúar	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur
maí	Lesferill: Lesfimi, Sjónrænn orðaforði, Orðaleysulestur

Lokaorð

Með þessari stefnu vonumst við til að skólarnir og samfélagið leggist á eitt að búa nemendum gott lestrarumhverfi sem býr þau undir nám og störf í framtíðinni.

Undirritun